

Fimmtudaginn 25. janúar 1990.

Nr. 241/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Eignaupptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 11. janúar 1989.

Af hálfu ákærvalds er fallið frá kröfu um sakfellingu ákærðu samkvæmt II. kafla ákæruskjals 22. maí 1985 og þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu ákærðu, eignaupptöku og sakarkostnað, en refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákærvaldsins, er fram koma í ákæruskjali 21. september 1984, og að henni verði engin refsing gerð eða hún hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem ákært er fyrir í I. kafla ákæruskjals 22. maí 1985. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms með vísan til forsendna hans, og eru brot ákærðu réttilega færð til refsíákvæða.

Brot það, sem ákært er fyrir í ákæruskjali 21. september 1984, er framið í byrjun ágúst 1981. Ákærða sat í gæsluvarðhaldi vegna þess máls frá 5. til 11. september 1981, og játaði hún aðild sína að málinu á dómþingi 14. september 1981. Framhaldsrannsókn fór fram í máli þessu í ágúst og september 1983, án þess að ákærða kæmi fyrir dóm, en hún var búsett erlendis. Málið var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar 16. desember 1983, og gaf hann út ákæru 21. september 1984. Ákæran var síðan birt ákærðu 17. september 1986. Þrátt fyrir þessi hlé, sem urðu á málsmeðferð, verður ekki talið, að hætt hafi verið við málsmeðferð um óákveðinn tíma, og

verður að líta svo á, að rannsókn sú, sem fram fór í ágúst og september 1983, hafi rofið fyrningarfrestinn, og hafi sök því verið ófyrnd, þegar málinu var fram haldið 17. september 1986, sbr. 2. tl. 1. mgr. 81. gr. og 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða sat í gæsluvarðhaldi í 57 daga vegna rannsóknar þeirra brota, sem hún er ákærð fyrir í máli þessu.

Refsing sú, sem ákærðu er dæmd með þessum dómi, er hegning-
arauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, við 18 mánaða fangels-
isdóm, sem ákærða var dæmd í hinn 7. mars 1985 í Noregi fyrir
innflutning á 1031 g af hassi. Þykja ekki, eins og hér stendur á og
rekstri máls þessa hefur verið háttað, efni til að gera ákærðu sér-
staka refsingu.

Í ákæruskjali 22. maí 1985 er ekki gerð krafa um eignaupptöku. Upptaka verður í þessu máli einungis dæmd að því marki, sem kraf-
ist er í ákæruskjali 21. september 1984, þ.e. á 6 g af hassi, vog,
3 reykjarpípum og 1 pari af skóm.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að
dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem
í dómsorði greinir.

II.

Eins og rakið er hér að framan, hefur orðið mikill dráttur á
rekstri þessa máls. Þá er þess og að geta, að verulegur dráttur varð
hjá sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum að tjá rikissak-
sóknara ósk ákærðu um áfrýjun málsins. Héraðsdómur var kveðinn
upp 4. desember 1986 og birtur ákærðu 25. september 1987, sem
óskaði áfrýjunar hans hinn 2. október 1987. Dómsgerðir voru ekki
sendar rikissaksóknara fyrr en 6. janúar 1989. Þessi dráttur verður
að teljast vítaverður.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, er ekki gerð
refsing í máli þessu.

Ákærða sæti upptöku á 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og
1 pari af skóm, notuðum við innflutning á hassi, sem lagt var hald
á við húsleit lögreglu á heimili hennar 4. september 1981.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttar-lögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. desember 1986.

Málið, sem dómtekið var 14. nóvember sl., er höfðað af hálfu ríkissak-sóknara með ákærum, útgefnum 21. september 1984 og 22. maí 1985, á hendur Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, áður til heimilis að Laugarnes-vegi 54, Reykjavík, en nú með óþekktu heimilisfangi í Danmörku, fæddri 8. maí 1960 í Reykjavík:

„fyrir að hafa í byrjun ágúst 1981 keypt um 800 gr af hassi í Hollandi í félagi við Þorfinn Guðnason, Arnkel Þór Sigtryggsson og Guðmund Árna Jónsson og 8. s.m. flutt um 650 gr efnisins hingað til lands ásamt nefndum Guðmundi Árna. Ákærða fékk í sinn hlut 150 gr efnisins og hafði það í vörslum sínum að þáverandi heimili sínu að Laugarnesvegi 54 í Reykjavík og neytti þess sjálf ásamt ónefndum kunningjum sínum.“

Í ákæruskjali er þessi háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakar-kostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, á um 6 gr af hassi, vog og 3 reykjarpípum, sem notað var við meðferð efnisins, og 1 pari af skóm, sem ákærða notaði við ofangreindan innflutning á hassi, en lagt var hald á alla þessa muni við húsleit á heimili ákærðu 4. september 1981.

Í síðari ákæru eru ákærðu gefin að sök eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1982:

„I. Í maí/júní flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43 og notað af því í eigin þágu, uns ákærða var hand- tekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember.

II. Á tímabilinu frá júní til nóvember margsinnis selt eftirgreindum mönnum hassefni að Laugavegi 43, hvert gramm af hassi á kr. 200 - 300 og hvert gramm af hassolíu á kr. 700 - 800: Gunnari Guðmunds- syni, fæddum 15. desember 1965, samtals 600 - 700 g af hassi og um 50 g af hassolíu, Rúnari Birgi Sigurðssyni, fæddum 5. febrúar 1962, samtals um 355 g af hassi og um 65 g af hassolíu, Jóni Heiðari Reynissyni,

fæddum 18. febrúar 1958, samtals um 200 g af hassi og 10 g af hass-olíu.“

Framangreind brot ákærðu eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, /1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærðu gerir þær dómkröfur, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins, er fram koma í ákæru, dags. 21. september 1984, og sakargiftum, er fram koma í II. kafla ákæru, dags. 22. maí 1984, en hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem talið er í I. kafla sömu ákæru. Þess er krafist, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu og að verjanda verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærða, sem er sakhæf, hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1977 11/5 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. alm. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 17.5. 1977.
- 1980 13/5 í Kaupmannahafnar Byret: Sátt, 5 dagsektir á d.kr. 50 fyrir brot gegn 1. mgr. 293. gr. d. hgl.
- 1981 20/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1985 7/3 í Osló: Dómur, 1 árs og 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn n. fíkniefnalöggjöf.

Málsatvik.

Tollgæslumenn leituðu á Arnkeli Þór Sigtryggssyni, f. 16. ágúst 1955, við komu hans frá Lúxemborg til Keflavíkurflugvallar 25.8. 1981. Fundust þá á honum innan klæða um 200 g af ætluðu hassi, sem lagt var hald á.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu, sem fram fór í beinu framhaldi af handtöku, staðfesti hann það að eiga þetta hass og að hafa keypt það í Amsterdam skömmu áður. Hann gerði síðan nánari grein fyrir fíkniefnabroti þessu í yfirheyrslum næstu daga hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Skýrði hann einnig frá eldra fíkniefnabroti, sem fram kemur í fyrra ákæruskjali þess máls, á þá leið að hafa í byrjun ágúst það ár í Hollandi og þar samkvæmt ráðagerð hitt Þorfinn Guðnason í Amsterdam, en með honum í för hafi jafnframt verið Guðmundur Árni Jónsson og Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, ákærða í þessum máli. Hafi þau fjögur síðan haldið til Rotterdam og lagt öll saman í kaup á hassi. Hafi Þorfinnur annast kaupin og keypt 800 g af hassi og greitt 6 gyllini fyrir hvert gramm. Hafi þau neytt af hass-

inu ytra 30-40 g. Þau ákváðu skiptingu á hassinu í Hollandi að hans sögn, og hafi Arnkell Þór og Þorfinnur fengið helming á móti Ágústu Guðlaugu og Guðmundi Árna. Hafi þau síðarnefndu flutt allt hassið hingað til lands og átt að afhenda Kára Guðmundi Gunnarssyni Schram hlut hans og Þorfinns og þeir tveir síðar frétt, að svo hafi verið gert.

Þorfinnur Guðnason, f. 4.3. 1959, bar að hafa um mánaðamótin júlí/ágúst 1981 ætlað til Amsterdam ásamt Arnkeli Þór Sigtryggssyni til hasskaupa, en er þeir hafi komið á Keflavíkurflugvöll, hafi komið í ljós, að hann hafði ekki vegabréf sitt meðferðis og Arnkell Þór því haldið einn utan.

Í Reykjavík kvaðst Þorfinnur hafa hitt Guðmund Árna Jónsson og Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, en þau hafi á þeim tíma verið að ráðgera ferð til kaupa á fíkniefnum. Hafi þau þrjú orðið samferða til Amsterdam 1. ágúst það ár. Hafi hann ytra keypt 800 g af hassi og greitt 5,5 gyllini fyrir grammið. Hafi hassið verið keypt fyrir sameiginlegan sjóð þeirra fjögurra og skipting þess verið þannig, að Ágústa Guðlaug og Guðmundur Árni átt helming á móti honum og Arnkeli Þór. Sagði hann þau fyrrnefndu hafa flutt hassið hingað til lands og afhent Kára Schram hlut hans og Arnkels Þórs til sölu, sem ráðgert var.

Guðmundur Árni Jónsson, f. 14.7. 1958, bar efnislega á sama veg í öllum meginatriðum hjá lögreglu 8.9. 1981, sem hann staðfesti svo hér fyrir dómi þremur dögum síðar.

Kári Guðmundur Gunnarsson Schram, f. 23.8. 1960, greindi frá því hjá lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi 12. ágúst 1983, að hafa móttekið allt að 300 g af hassi frá Guðmundi Árna Jónssyni í ágúst 1981. Efnið var að hans sögn eign Arnkels Þórs Sigtryggssonar og Þorfinns Guðnasonar. Hafi hassið verið ætlað til sölu, og kvaðst hann hafa ætlað að flytja söluandvirðið til nefndra eigenda hassins í Hollandi til frekari fíkniefnakaupa þeirra ytra, sem hann hafi gert, en söluhagnaður hafi verið minni en ráðgert var vegna svika í viðskiptunum.

Ákærða var handtekin 4.9. 1981 vegna grunar um aðild að máli þessu. Hún neitaði í fyrstu sakargiftum. Var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald þann 5.9. 1981 í allt að 7 daga og gekk laus 12. s.m. Á þeim tíma, er ákærða sætti gæsluvarðhaldinu, viðurkenndi hún að hafa keypt hass í Hollandi ásamt greindum aðilum.

14. september 1981 staðfesti ákærða framburð sinn hér fyrir dómi. Sagdist hún hafa haldið 1. ágúst það ár flugleiðis til Amsterdam ásamt Þorfinni Guðnasyni og Guðmundi Árna Jónssyni og ytra hitt Arnkel Þór Sigtryggsson. Hafi þau lagt í sameiginlegan sjóð til hasskaupa og að hennar hlutur hafi verið kr. 3.000, en notað síðar þá upphæð til uppihalds ytra og því í raun ekkert lagt fram. Hafi það síðan verið Þorfinnur, sem keypti

hassið, sem var að hennar sögn nálægt 700 g, en komið í hennar hlut og Guðmundar Árna að flytja hassið hingað til lands, sem þau hafi gert að jöfnu 8. s.m. og hún falið sinn hlut í holrúminu í þykkum sólum á skóm.

Eftir komuna til landsins kvaðst mætta hafa tekið 150 g af hassinu sem flutningsþóknun, en afgangur hafi orðið eftir í fórum Guðmundar Árna.

Hún kvað hassið, sem í hennar hlut kom, hafa farið til eigin nota, og eins gefið ýmsum vinum og kunningjum af því.

Framhaldsrannsókn fór fram hér fyrir dómi 12. ágúst 1983 til 26. september sama ár. Ákærða dvaldist þá erlendis, en Arnkell Þór Sigtryggsson, Guðmundur Árni Jónsson og Kári G. G. Schram staðfestu allir framburð sinn í megindráttum.

Ákæra, útgefin 22. maí 1985.

— — —

10. nóvember 1982 gerði lögreglan húsleit að Laugavegi 43, Reykjavík, að áðurfengnum húsleitarúrskurði vegna grunar um, að ákærða geymði þar fíkniefni, en hún bjó þar ásamt Tómasi Jakobi Sigurðssyni, Rúnari Bergssyni og fleira fólki.

Í vistarverum ákærðu fundust ýmsir munir, sem lögreglan lagði hald á. Þeir munir, sem tengdust fíkniefnum, voru tvær hassreykjarpípur, tvær vogir, kaffidós með hassleifum á, tvær sprautur með hassolíu í, nokkrir stórir plasttappar, sem algengt er að nota sem umbúðir hassolíu, og hvítt duft, talið þrúgunyskur, en það er algengt sem fyllingarefni í amfetamín og fleiri efni. Þá fundust 4 þynnur, taldar LSD (lýsergíð).

Ákærða og Rúnar Bergsson, f. 2.2. 1958, voru handtekin og færð til yfirheyrslu. Ákærða, sem brást illa við húsleitinni, var flutt nauðug af staðnum í handjárnnum í fangageymslu lögreglunnar. Reynt var að yfirheyra hana að kvöldi handtökudags, en hún neitaði að tjá sig og að yfirgefa fangaklefan. Hið sama endurtók sig tvívegis daginn eftir. Hún var úrskurðuð í allt að 30 daga gæsluvarðhald frá 10.11. 1982. Margsinnis var reynt að yfirheyra ákærðu, og tjáði hún sig fyrst um sakarefnið 29.11. hjá lögreglu. Hún kvaðst hafa í maí/júní það ár flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43, Reykjavík, og notað af því í eigin þágu, uns hún var handtekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember það ár.

Ekki viðurkenndi hún frekari fíkniefnabrot, enda þótt framburður þess efnis lægi fyrir og henni á það bent. Var hún yfirheyrd næstu daga og gæsluvarðhald hennar framlengt til 30.12. 1982, en hún viðurkenndi aldrei frekari brot. Sat hún gæsluvarðhaldið allan tímann.

Gunnar Guðmundsson, fæddur 15.12. 1965, bar hjá lögreglu og fyrir dómi um margítrekuð og veruleg kaup hass og hassolíu frá ákærðu, samtals 600-700 g af hassi og um 50 g af hassolíu. Í yfirheyrslu fyrir dómi 9. október 1985 kvað hann tölur þessar um efnismagn allt of háar. Kvaðst hann nú hafa keypt af ákærðu um 100 g af hassi og um 15 g af hassolíu.

Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5.2. 1962, bar í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa margsinnis keypt bæði hass og hassolíu af ákærðu, samtals um 355 g af hassi og um 65 g af hassolíu.

Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18.2. 1958, kvaðst í yfirheyrslum hjá lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi, hafa keypt um 200 g af hassi og um 10 g af hassolíu af ákærðu.

Þremmingarnir kváðust hafa keypt fíkniefnin á tímabilinu frá júní til nóvember 1982, og hafi kaupin átt sér stað á þáverandi heimili ákærðu að Laugavegi 43, Reykjavík. Hafi þeir keypt hvert gramm af hassi á kr. 200 - 300 og hvert gramm af hassolíu á kr. 700 - 800.

Ákærða bjó erlendis, þegar ákærurnar voru gefnar út, en kom hingað til lands sumarið 1986. Þegar fréttist af veru hennar hér á landi, var hún boðuð hér fyrir dóm.

Við ákærubirtingar vísaði hún til framburðar síns hjá lögreglu og fyrir dómi, hvað varðar ákæru, útgefna 21. september 1984. Þá kvaðst hún vilja taka fram, að hún hefði flutt hingað til lands helming nefndra 650 g af hassi og hinn flutningsaðilinn, Guðmundur Árni Jónsson, flutt helming.

Ákærða kvað I. lið ákæruskjals, útg. 22. maí 1985, vera efnislega réttan og í samræmi við fyrri framburð sinn fyrir dómi og hjá lögreglu. Allt kvað hún það vera lygi, sem fram kæmi í öðrum ákærulið ákæruskjalsins.

Framburður þriggja greindra aðila, sem báru allir að hafa keypt af ákærðu verulegt magn hass og hassolíu, var kynntur henni sérstaklega í þinghaldi 16.9. 1986. Bar hún þennan framburð með öllu af sér. Samprófanir ákærðu við Rúnar Birgi og Gunnar sama dag og við Jón Heiðar daginn eftir leiddu til sömu niðurstöðu. Engin vitni reyndust vera að þessum ætluðu fíkniefnakaupum ákærðu við þessa þrjá aðila, og kváðust þeir allir hafa einir verið á heimili ákærðu auk hennar, þegar kaupin áttu sér stað.

Niðurstaða.

Sannað þykir með framburði ákærðu, Þorfinns Guðnasonar, Arnkels Þórs Sigtryggssonar og Guðmundar Árna Jónssonar, að hún keypti í byrjun ágúst 1981 um 800 g af hassi í Hollandi ásamt greindum aðilum og að hafa 8. s.m. flutt um 650 g efnisins hingað til lands ásamt nefndum Guðmundi Árna. Ákærða fékk í sinn hlut 150 g efnisins og hafði það í vörslum sínum að þáverandi heimili sínu að Laugarnesvegi 54 í Reykjavík og neytti þess sjálf ásamt ónefndum kunningjum sínum.

Þá telst sannað, að ákærða hafi í maí/júní 1982 flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43, Reykjavík, og notað af því í eigin þágu, uns ákærða var handtekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember það ár.

Sýkna skal ákærðu vegna sönnunarskorts af þeim sökum að hafa selt Gunnari Guðmundssyni, Rúnari Birgi Sigurðssyni og Jóni Heiðari Reynissyni hass og hassolíu, sbr. II. ákærulið ákæruskjals, útg. 22. maí 1985. Í hverju tilviki er aðeins framburður ákærðu í málinu, sem staðfastlega hefur borið af sér sakir í málinu, gegn framburði hvers og eins þriggja ofangreindra.

Sök ákærðu um að hafa keypt í byrjun ágúst 1981 um 800 g af hassi ásamt greindum aðilum dæmist ekki vera fyrnd samkv. 2. tl. 1.mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. sömu l., eins og verjandi hennar heldur þó fram, því að framhaldsrannsókn fór fram fyrir dómi frá 12. ágúst 1983 til 26. september sama ár, sem rauf fyrningarfrest, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða var þó ekki yfirheyrð, þar sem hún dvaldist á okunnum stað erlendis, og náðist því ekki til hennar.

Ofangreind háttsemi er í ákærum réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Hefur ákærða samkvæmt þessu unnið til refsingar.

Ákærða var ásamt öðrum dæmd í 1 árs og 6 mánaða fangelsi í Osló 7.3. 1985 fyrir innflutning á 1031 g af hassi til Noregs, og dæmist henni því nú hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu þykir að öllu ofangreindu athuguðu hæfilega ákveðin fangelsi í 50 daga.

Til frádráttar dæmdri refsingu ákærðu kemur gæsluvarðhaldsvist hennar frá 10.11. 1982 til 30.11. 1982, sem er því til jafnlangs tíma dæmdri refsingu.

Ákærða skal sæta upptöku skv. 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, á um 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og 1 pari af skóm, sem ákærða notaði við innflutning á hassi, en lagt var hald á alla þessa muni við húsleit á heimili hennar 4. september 1981.

Þá skal ákærða einnig sæta upptöku skv. sömu lagagreinum á 5 hasspípum, 2 vogum, kaffidós með ljósbrúnu hassi í, 4 þynnum, töldum vera LSD, 2 læknaþrautum og litlum hassmola, en lögregla lagði hald á allt þetta við húsleit að þáverandi heimili ákærðu að Laugavegi 43, Reykjavík, þann 10.11.1982.

Skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 19.500 til skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, skal sæta fangelsi í 50 daga.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist hennar frá 10.11. 1982 til 30.12. 1982 í 50 daga og því til jafnlangs tíma.

Ákærða sætir upptöku á 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og einu pari af skóm, notuðum við innflutning á hassi, allt haldlagt á heimili hennar við húsleit lögreglu 4.9. 1981.

Einnig sæta upptöku 5 hasspípur, 2 vogir, kaffidós með hassleifum, 4 þynnur, taldar LSD (lýsergíð), 2 læknasprautur og lítill hassmoli, en lögreglan lagði hald á allt þetta við húsleit að Laugavegi 43, Reykjavík, 10.11. 1982.

Ákærða greiði allan málskostnað, þar af kr. 19.500 til skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl.
